

Þingsályktun

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001,
um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA
á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999, um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.

Samþykkt á Alþingi 20. apríl 2002.